

## Fundargerð

Þriðjudaginn 1. desember 2020 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.





Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

### 1. Fundargerðir síðusta fundar

Fundargerðir nr. 362 og nr. 363 voru samþykktar.

### 2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN.

 Name ▾	Modified ▾
 363 fundargerð 19 11 2020.docx	November 30, 2020
 Framlög vegna fjárhagserfiðleika - gögn .xlsx	November 30, 2020
 Framlög vegna fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 .docx	November 30, 2020

### 3. Framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga vegna Covid-19

Farið var yfir mögulega aðferðafræði við útreikninga á framlagi til sveitarfélaga vegna fjárhagserfiðleika. GAG tók saman gögn um breytingu á útsvari á tímabilinu apríl til september, gögn um breytingar á framlögum Jöfnunarsjóðs og að lokum gögn úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2019.

Rætt var um að það væri mikilvægt að fá tölur um útsvar sveitarfélaga fyrir október en þær ættu að liggja fyrir á næstu dögum. Farið var yfir hvaða framlög Jöfnunarsjóðs ættu að liggja til grundvallar. Að lokum var umræða um hvaða liði í ársreikningum 2019 eigi að nota í aðferðafræðinni til að meta fjárhagslega stöðu sveitarfélaga til að takast á við tekjufall. Ákveðið var að GAG myndi taka saman frekari gögn og að nefndin taki annan stuttan fund fljótlega.

### 4. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur væri 8. desember kl. 14:00.

Fundi lauk kl. 10:30